

41 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Ljósasjóð Soffíu Gestsdóttur frá 27. febr. Staðarfelli“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. febr. 1946.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Ljósasjóð Soffíu Gestsdóttur frá Staðarfelli.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Ljósasjóður Soffíu Gestsdóttur frá Staðarfelli, og er stofnaður á dánardegi hennar, 3. janúar 1946, af eftirlifandi manni hennar, Magnúsi Friðrikssyni, og dætrum þeirra hjóna, Björgu Magnúsdóttur og Þuríði Magnúsdóttur, til minningar um eiginkonu og látna móður.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 5000 — fimm þúsund — krónur, sem lagðar eru þá samstundis inn á bók nr. 2224 við Sparisjóð Stykkishólms.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að raflýsa nú þegar Staðarfellskirkju, svo vel að samlega þyki, prýða hana að innan með því að setja giltar stjörnur í hvelfingu kirkjunnar. Það af sjóðnum, sem afgangur verður þá búið er að raflýsa kirkjuna, ávaxtast í Sparisjóði Stykkishólms eða annarri tryggri lánsstofnun landsins. Þann hluta höfuðstólsins, sem afgangur verður þá kirkjan er að fullu raflýst, má aldrei skerða.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru: Vextir af þeim hluta höfuðstólsins, sem eftir verður þá búið er að raflýsa kirkjuna og prýða samkv. 3. gr., svo og minningargjafir, hvers konar áheiti og aðrar gjafir, sem sjóðnum kann að áskotnast. Enn fremur ágóði af skemmtunum, er kunna að verða haldnar til fjáröflunar sjóðnum.

5. gr.

Vexti af höfuðstól sjóðsins má aðeins nota til að prýða Staðarfellskirkju. Þó má aldrei nota meira en $\frac{3}{5}$ vaxtanna fyrr en sjóðurinn hefur aftur náð sinni upprunalegu upphæð, kr. 5000.00. En eftir það má nota $\frac{4}{5}$ vaxtanna, þó aðeins til að endurbæta rafljós kirkjunnar eða til að prýða hana á annan hátt. Þau árin, sem ekki þarf að nota vexti sjóðsins, leggjast þeir við höfuðstólinn.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Sóknarprestur Staðarfellssóknar, sem líka er formaður nefndarinnar, formaður sóknarnefndar og einn maður, sem kosinn er á safnaðarfundum sóknarinnar.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal reikningurinn lagður fram á hverju ári á almennum safnaðarfundum, og endurskoðaður af þar til kjörnum mönnum. Ber svo að láta reikninginn fylgja kirkjureikning Staðarfellskirkju til héraðsprófasts, sem leggur hann fyrir úrskurð héraðsfundar.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Stykkishólmi, 3. janúar 1946.

Magnús Friðriksson. Björg Magnúsdóttir. Þuríður Magnúsdóttir.